

REGLUGERÐ

um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum.

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til starfsemi og aðbúnaðar á skammtímadvalarstöðum fyrir börn og ungmenni sem vegna mikillar umönnunarþarfar umfram jafnaldra samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þurfa á skammtímadvöl að halda.

Heimilt er einnig að veita fullorðnu fötluðu fólki með langvarandi stuðningsþarfir, sem býr í foreldrahúsum, skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að starfsemi og aðbúnaður á skammtímadvalarstöðum fyrir fötluð börn og ungmenni taki mið af aldri þeirra, aðstæðum og stuðningsþörf.

Starfsemi og aðbúnaður á skammtímadvalarstöðum fyrir fullorðið fatlað fólk skal taka mið af aðstæðum og stuðningsþörf fólksins.

II. KAFLI

Framkvæmd þjónustu í skammtímadvöl.

3. gr.

Gæði þjónustunnar.

Þjónustu- og rekstraraðili sem ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á þjónustu skammtímadvalar skal tryggja að aðstæður miðist við aldur þeirra sem þar dvelja á hverjum tíma. Starfsemi og aðbúnaður skal ætíð taka mið af þörfum notandans þannig að þjónustan sé valdeflandi og þjónustuferli skýr og auðskiljanleg notendum og fjölskyldum þeirra. Hver og einn notandi fær tengilið sem er starfsmaður skammtímadvalarinnar og hefur það hlutverk að samræma þjónustu með gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar ef við á. Skal það gert í samráði við notandann og/eða forsjáraðila eða nákomna aðila sem og skóla, leikskóla eða aðra þjónustuaðila eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins notanda. Óski foreldrar eftir því að fá stuðning heim í stað dvalar á skammtímadvalarstað skal það metið sérstaklega.

Þjónustu- og rekstraraðili skal að minnsta kosti á 12 mánaða fresti framkvæma mat á gæðum þjónustunnar og ráðast í gerð umbótaáætlunar sé þess talin þörf. Slíkt mat skal vera aðgengilegt almenningi.

4. gr.

Umgjörð og aðbúnaður þjónustunnar.

Húsnæði skammtímadvalar skal uppfylla kröfur um algilda hönnun og gildandi lagaákvæði um mannvirki hverju sinni. Sama gildir um aðgengi utandyra á lóðinni þar sem boðið er upp á skammtímadvöl. Húsnæði, aðkoma og útisvæði skal einnig vera þannig búið að það geti komið til móts við fjölbreyttar þarfir þeirra sem dveljast þar hverju sinni. Skammtímadvölin skal vera þannig búin að þar séu aðstæður sem hæfa aldri og getu notenda sem þar dvelja á hverjum tíma.

5. gr.

Þjónustutími.

Þjónustutími skammtímadvalar getur verið allt frá hluta úr degi og upp í 15 sólarhringa á mánuði.

Sé talin þörf fyrir þjónustu í meira en 15 sólarhringa á mánuði í sex mánuði samfleytt skal unnin einstaklingsbundin þjónustuáætlun um aukna aðstoð á heimili notandans. Þurfi barn annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldu þess samhliða skammtímavistun skal vísa mál-efni þess til sérfræðingateymis skv. 20. gr. laga nr. 38/2018. Dvelji notandi í skammtímadvöl í samtals 90 sólarhringa á ári eða lengur skal gert ráð fyrir að dvölin verði hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi svo unnt sé að tryggja gæði þjónustunnar og samráð við fjölskyldu og aðra þjónustuaðila.

6. gr.

Hámarksfjöldi notenda á skammtímadvalarstað.

Fjöldi notenda á hverjum skammtímadvalarstað skal, alla jafna, ekki vera fleiri en sex samtímis. Við mat á hámarksfjölda notenda á hverjum tíma skal tekið mið af einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins og aðstæðum á skammtímadvalarstað hverju sinni.

7. gr.

Kostnaðarþáttaka.

Þjónusta í skammtímadvöl er notendum að kostnaðarlausu. Þeir skulu þó standa straum af kostnaði vegna frístunda og ferða á meðan á skammtímadvöl stendur. Notendur skammtímadvalar skulu ekki bera kostnað sem fellur til við starfsmannahald vegna þátttöku þeirra í frístundastarfi utan skammtímadvalar.

Notendur eldri en 18 ára skulu standa straum af kostnaði vegna fæðis meðan á dvöl stendur.

8. gr.

Starfsmannahald.

Forstöðumaður skammtímadvalar skal hafa háskólapróf á sviði félags-, heilbrigðis- eða menntavísinda og reynslu sem nýtist í starfi. Jafnframt skal að minnsta kosti einn annar starfsmaður með fagmenntun vera til staðar á vökutíma. Starfsmenn skulu hafa grunnþekkingu á uppeldi og umönnun barna og hafa færni til að veita þjónustu á grundvelli leiðbeininga sérfræðinga. Við ráðningu í starf á skammtímadvalarstað samkvæmt reglugerð þessari ber meðal annars að fara að ákvæðum VI. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

III. KAFLI

Ábyrgð og eftirlit.

9. gr.

Ábyrgð.

Sveitarfélag ber ábyrgð á að aðbúnaður og þjónusta á skammtímadvalarstað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Sú ábyrgð nær jafnt til þeirrar þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélags og annarra aðila sem veita þjónustu á grundvelli samninga við sveitarfélagið.

10. gr.

Eftirlit.

Sveitarfélag annast eftirlit með starfsemi skammtímadvalarstaða, sbr. 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Eftirlitið getur verið í formi úttekta á gæðum sem byggjast á kröfulýsingum, þar sem aðstæður eru skoðaðar, og með viðræðum við aðila sem tengjast úrræðinu, svo sem barn, forsjáraðila, aðra nákomna eftir því sem við á, starfsfólk og forstöðumann.

Eftirlit byggist á lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, og reglugerð um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. 4. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með stöð í 17. og 40. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, öðlast gildi 7. nóvember 2018.

Velferðarráðuneytinu, 7. nóvember 2018.

Ásmundur Einar Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Elly Alda Þorsteinsdóttir.